


Gildandi deiliskipulag 1:1000 - samþykkt bæjarráði 26.júlí 2007.

## GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

DEILISKIPULAG þetta felur í sér breytingu á deiliskipulagi Kinna sem samþykkt var í skipulags- og byggingarráði þann 3.júlí 2007 og í bæjarráði þann 26.júlí 2007.

BREYTINGIN TEKUR EINGÖNGU TIL STÆKKUNAR SVÆÐISINS.

Í breytingunni felst stækkun á skipulagssvæðinu til suð-vesturs um hluta reits sem á aðalskipulagi hefur landnotkunina "SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR" og bætast við skilmálar fyrir þann reit.
Tekin hefur verið ákvörðun um að staðsetja leikskóla á reitnum, þar sem þörf fyrir slíka þjónustu hefur almennt aukist samfara bættri þjónustu á því sviði.

ENGAR BREYTINGAR VERÐA Á GILDANDI SKIPULAGI SEM NÆR YFIR ÍBÚÐASVÆÐI KINNA og munu greinargerð og skilmálar, sem giltu fyrir það skipulag, gilda áfram eftir breytinguna en með þeim viðbótum sem munu gilda fyrir lóð leikskólans.

Helstu forsendur fyrir breytingunni eru m.a.
- aukin þörf fyrir leikskóla í hverfinu
- bætt nýting á auðum/illa nýttum svæðum innan bæjarins

Í dag er lóðin/svæðið nýtt sem annars vegar skólagarðar (eingöngu yfir sumarið) og bílastæði/ geymslusvæði.
Við breytinguna mun svæðið verða mun snyrtilegra og grænna. Skólagarðar munu hugsanlega flytjast yfir á það svæði sem fyrirhugað er til stækkunar á kirkjugarði.

Göngustígar tengjast svæðinu vel og haldast þeir óbreyttir.

Lagnir liggja víða umhverfis svæðið og innan þess og heimilt er að flytja þær eftir þörfum.

### DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR:

**LEIKSKÓLI:**

Lóðastærð ca. 4020m² - nákvæm afmörkun og stærð lóðar ákvarðast á mæliblaði.

Hámarksflatarmál leikskólabyggingar: ca.800m² - nákvæm stærð/staðsetning byggingarreits ákvarðast á mæliblaði.

Hámarksnýtingarhlutfall: 0.20.

Hámarskhæð byggingar er 4.5 metrar frá gólfkóta botnplötu - kóti ákvarðast við gerð hæðablaðs. Einstaka hlutar byggingar mega þó fara allt að 1 metra upp fyrir hámarkshæð en hækkun þessi má ekki ná yfir meira en 1/5 hluta þaks.

Þakgerð er frjáls.

BÍLASTÆÐI leikskólans eru 25 og eru þau staðsett milli fyrirhugaðrar stækkunar kirkjugarðs og leikskóla.
Bílastæði kirkjugarðs eru fyrirhuguð í framhaldi af bílastæðum leikskóla og er kvöð um akstur í gegn.
Unnt er að samnýta bílastæði leikskóla og kirkjugarðs þar sem þörfin er ólík og álagið á mismunandi tímum.

**LOKAHÚS ORKUVEITU REYKJAVÍKUR:**

Lokahús OR liggur að mestur neðanjarðar - stendur ca. 1 metra upp úr jörð sem er hámarkshæð.
Tryggja skal gott aðgengi að lokahúsi og lögnum.
Lóðastærð er 110m².




Breytingartillaga - stækkun skipulagsreits með leikskólalóð 1:1000.




SNEIÐING A-A 1:500




Úrdráttur úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025

| | |
|---|---|
| (rauð strikalína) | Afmörkun deiliskipulagsreits |
| (rauð strikalína) | Byggingarreitur |
| (0000,0) | Lóðarstærð |
| (heil lína) | Núverandi lóðamörk |
| (strik-punktalína) | Tillaga að nýjum lóðamörkum |
| 0H | Hæð byggingar |
| (grár flötur) | Núverandi byggingar innan skipulagssvæðis |
| (25) | Húsnúmer |
| (appelsínugul lína) | Gangstétt |
| (blá strik-punktalína) | Byggingarreitur viðbyggingar/svalir |
| ⋀⋀ | Kvöð um bílastæði |
| (bílastæðatákn) | Bílastæði |
| (skástrikaður flötur) | Byggingar víki fyrir nýbyggingum |

Deiliskipulagsbreyting þessi er breyting á deiliskipulagi Kinna sem samþykkt var bæjarráði 26.júlí 2007 og öðlaðist gildi þann 4.september 2007.

Deiliskipulagstillaga þessi sem auglýst hefur verið skv. 26.gr. skipulags- og byggingarlaga var samþykkt hjá
- skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann 27.1 2009
- bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 3.2 2009

[undirskrift]
f.h. skipulags- og byggingarráðs

[undirskrift]
f.h. bæjarstjórnar

HAFNARFJARÐARBÆR SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐS
BÆJARSTJÓRN Í HAFNARFIRÐI

Tillagan var auglýst frá 23.10 2008 til 20.11 2008.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í b-deild stjórnartíðinda þann 01.04 2009

Skipulagsstofnun hefur fengið þessi gögn til yfirferðar í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| BREYTINGAR | | | |


ASK Arkitektar
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Páll Gunnlaugsson arkitekt FAÍ, kt. 210552-2199


KINNAR
Hafnarfirði
VERKEFNI

1908 2008

| HEITI TEIKNINGAR | MKV. Í A1 |
|---|---|
| DEILISKIPULAGSBREYTING | 1:1000 / 500 |
| | TEIKNAÐ |
| | DAGS 08.10.2008 |

| VERK NR. | NÚMER TEIKNINGAR | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 06120 | 05-01 | 00 |